

Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra, Hvamms

22. júní 2022

Mætt: Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson (fulltrúi), Aldey Unnar Traustadóttir (fulltrúi), Benóný Valur Jakobsson (fulltrúi), Hjálmar Bogi Hafliðason (fulltrúi), Bylgja Steingrímsdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Bergur Elías Ágústsson, Berglind Ragnarsdóttir, Pétur Helgi Pétursson.

Arnór Benónýsson, Kristján Þór Magnússon og Sigurður Böðvarsson voru forfallaðir.

Fundurinn fór fram í Miðhvammi og hófst kl. 13:00.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
Frankvæmdastjóri lagði til að fundarstjóri yrði Aðalsteinn J. Halldórsson og að fundarritari yrði Helena Eydís Ingólfssdóttir. Fundurinn samþykkti samhljóða.
2. Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra
Jón Helgi fór yfir skýrslu stjórnar sem birt er í ársreikningi.
Nokkuð góður árangur hefur náðst í að snúa við rekstri Hvamms. Munar þar mest um annars vegar að það tókst að fjölga hjúkrunarrýmum og ráðdeild stjórnenda.
Fundarmenn óskuðu að bókaðar yrðu þakkir til starfsfólks Hvamms.
Ljóst er að starfsfólk Hvamms hefur verið undir umtalsverðu álagi vegna heimsfaraldurs COVID-19 í því síbreytilega ástandi sem faraldrinum fylgdi. Starfsfólki Hvamms eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu og allt sem það hefur lagt á sig til að tryggja sem best starfsemi heimilisins.
3. Ársreikningar ásamt skýrslu endurskoðanda
Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 5,3 mkr. fyrir afskriftir og fjármagnsliði og halli ársins er 25,9 mkr. Handbært fé hækkar á milli ára um tæplega 20 mkr. og var í árslok 24,7 mkr. Eigið fé neikvætt um 86,8 mkr. Fyrirvari er á áritun endurskoðenda eins og undanfarin ár þar sem neikvætt eigið fé veldur óvissu um rekstrarhæfi Hvamms.
4. Fjárhagsáætlun 2022
Áætlun um greiðslur eigenda til félagsins.
Fyrirliggjandi tillaga um að framlag eigenda verði 33 mkr.
Norðurþing greiðir 25% og 75% skiptist á milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar 2022.
Tillagan er samþykkt samhljóða.
5. Tillaga að breytingum á samþykktum DA
Lagt er til að gerðar verði breytingar á samþykktum Dvalarheimilis aldraðra sf sem taki mið af breytingum á sveitarfélagaskipan í Þingeyjarsýslum. Þannig taki stjórn samþykktir til endurskoðunar og kynningar í aðildarsveitarfélögum enda ekki um aðrar efnislegar breytingar að ræða.
Samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar og varastjórnar

Fundurinn var sammála um að stjórn yrði kosin til samræmis við tillögu um breytingu á samþykktum sem leiða til þess að sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, hafi áfram jafn marga fulltrúa og sveitarfélögin höfðu áður.

Tillaga að stjórn:

Fulltrúar Þingeyjarsveitar:

Eygló Sófusdóttir

Sigurður Böðvarsson

Til vara:

Gerður Sigtryggsdóttir

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Fulltrúi Tjörneshrepps:

Aðalsteinn J. Halldórsson

Til vara:

Katý Bjarnadóttir – til vara

Fulltrúar Norðurþings:

Bergur Elías Ágústsson

Helena Eydís Ingólfssdóttir

Áki Hauksson

Til vara:

Bylgja Steingrímsdóttir

Arna Ýr Arnarsdóttir

Jóna Björg Arnarsdóttir

Tillagan er samþykkt samhljóða.

7. Kosning eins löggilts endurskoðanda og endurskoðunafélags

Lagt er til að Rúnar Bjarnason, PWC, verði áfram endurskoðandi DA.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og endurskoðanda

Lagt er til að laun stjórnarmanna verði óbreytt og taki mið af launum fulltrúa í fastanefndum Norðurþings.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Tillaga að endurskoðun verði greidd skv. reikningi.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins en umræður fóru fram um umgjörð Hvamms, að ríkið taki yfir rekstur hjúkrunarrýma, hjúkrunarheimili, tengibyggingu á milli hjúkrunarheimilis og eldri bygginga og kostnað vegna hennar.

Til máls tóku:

Hjálmar Bogi, ræddi umgjörð Hvamms. Fáir stjórnarfundir í vetur, auglýsing aðalfundar.

Einnig varðandi samtal við ríkið um að ríkið taki yfir rekstur Hvamms og byggingarkostnað tengibyggingar milli hjúkrunarheimilisins og eldri bygginga.

Benóný: staðan varðandi hjúkrunarheimilið og byggingu þess.

Jón Helgi svaraði Hjálmoni og Benóný varðandi reksturinn og byggingarkostnaðinn. Hjúkrunarheimili, nýr kostnaðarútreikningur. Fyrirhugaður fundur á mánudag þar sem hann verður kynntur.

Aðalsteinn: Tók undir með Hjálmoni varðandi umgjörð síðustu misseri en góð vinna innan stjórnar fram að því.

Helena: Samtal sveitarfélaganna varðandi framtíð Hvamms þarf að fara í gang á kjörtímabilinu.

Bergur: Uppsögn á samningi við ríkið um rekstur hjúkrunarrýma í Hvammi. Kostnaður við tengigang.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.